

Bæjarráð
b.t. Guðrúnar Ágústu Guðmundsd., bæjarstjóra
Strandgötu 6,
220 Hafnarfjörður.

Hafnarfirði, 30. september 2013
1309464 RE

Efni: Erindi Regnbogabarna; umsögn.

Regnbogabörn hafa óskað eftir formlegum viðræðum um þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ vegna forvarnar- og fræðsluverkefnisins www.fyrirlestrar.is. Bæjarráð tók erindið fyrir á fundi sínum þann 26. september s.l. og samþykkti með 3 atkvæðum að fela bæjarstjóra að leita eftir samningi við Regnbogabörn á grundvelli fyrirbyggjandi erindis og umsagnar fræðsluráðs. Bæjarráð óskaði jafnframt eftir að samhliða samningi liggja fyrir umsögn forvarnarfulltrúa og fjölskylduþjónustu.

Umsögn forvarnarfulltrúa liggur fyrir og er hér meðfylgjandi.

Eins og fram kemur í umsögn forvarnarfulltrúa þá er mikilvægt að heildræn stefna sé fyrir hendi hjá sveitarfélaginu í eineltismálum. Fyrirhugað er áttak innan skólakerfisins á komandi vetri varðandi eineltismál og gæti umræddur vefur verið þar ágæt viðbót.

Fram kemur í erindi Regnbogabarna að heimasíðan verði öllum aðgengileg og að kostnaðarlausu. Jafnframt segir í erindinu að leitast sé við að gera þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ í því formi að Hafnarfjarðarbær veiti 500.000.-kr. á ári næstu 3 árin gegn því að fá ótakmörkuð afnot af öllu efni vefsins. Ekki er ljóst hvort verið er að fá viðbótaraðgang fyrir sveitarfélagið eða hvað slíkur samningur myndi fela í sér.

Undirrituð telur að hér sé um fjölbreytt efni að ræða og margir góðir fyrirlestrar eru á vefnum sem eflaust er hægt að nýta í forvarnarstarfi sveitarfélagsins. Hér um að ræða gott innlegg í nauðsynlega umræðu.

Lagt er til að leitað sé eftir frekari upplýsingum um hvað umræddur þjónustusamningur gæti falið í sér fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Virðingarfyllt,

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar